

# 327. fundur Skólanefndar FS

## 11. júní 2014



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Jóhann Geirdal, Þormóður Logi Björnsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Sveinbjörg Sigurðardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:** 1. Staða og horfur næsta vetur.  
2. Önnur mál.

### 1. Staða og horfur næsta vetur.


Skólameistari sagði frá undirbúningi fyrir næsta vetur. Alls sóttu 190 nýnemar um skólavist sem er heldur færra en undanfarin ár. Auk þess sóttu rúmlega 130 um sem ekki voru í skólanum á þessari önn. Útlit er fyrir að nemendur verði um 1000 á næstu önn. Nokkur hópur fær ekki skólavist en það eru nemendur sem ekki hafa staðið sig í námi og ástundun. Lausar stöður verða ekki auglýstar fyrr en ljóst er hve nemendur verða margir. Búið er að óska eftir því við ráðuneyti að skólinn fái að setja takmarkanir á hve oft nemendur geta fallið í áföngum á stúdentsbrautum. Skólameistari sagði einnig frá fyrirhuguðum breytingum á kennslu nemenda í 10. bekk en nemendum mun gefast tækifæri til að sitja áfanga í skólanum. Sesselja Bogadóttir og Ingibjörg Böðvarsdóttir verða í fæðingarorlofi á næstu önn en Arndís Harpa Einarsdóttir leysir af sem námsráðgjafi. Lárus Þór Pálsson og Þorbjörg Gardarsdóttir verða í leyfi og Elín Rut Ólafsdóttir fer í námsleyfi. Guðrún Jóna Sigurðardóttir, Inga Lilja Eiríksdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir hætta störfum. Þá sagði skólameistari frá námskrárvinnu, búnaðarkaupum og gjöfum til skólans.

### 2. Önnur mál.


- Skólinn var útnefndur fyrirmynadarstofnun af SFR og varð i 4. sæti í flokki stærri ríkisstofnana.
- Skólameistari sagði frá nýlegum rannsóknum á vímuefnaneyslu og liðan nemenda í framhaldsskólum.

c) Varaformaður skólanefndar kosinn. Lagt til að Pétur Brynjarsson verði varaformaður nefndarinnar, samþykkt samhljóða


Fleira ekki gert og fundi slitið.




Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður




Jóhann Geirdal



Sveinbjörg Sigurðardóttir



Þormóður Logi Björnsson



Gunnar Valdimarsson



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari